

# Áveitan

9. tbl. 4. árgangur. September 2010

## Frjálsíþróttæfingar

Annan veturinn í röð hafa Umf. Baldur, Samhygð og Vaka ákveðið að vera með sameiginlegar íþróttæfingar fyrir eldri krakkana (11 ára og eldri) í Þingborg. Æfingarnar verða á þriðjudögum frá kl. 19:30 – 21:00.

Fyrsta æfingin verður þriðjudaginn 14. september, Rúnar Hjálmarsson þjálfar.

Ungmennafélögin

## Hautball í Félagslundi

Hið árlega Hautball Umf. Samhygðar verður haldið í Félagslundi 25. september. Diskósnúðurinn síkátí Jón „Skeiðungur“ Bjarnason mun halda upp í fjörinu á dansgólfinu fram eftir nóttu. Húsið opnar kl. 22:00 og kostar 2000 krónur inn á ballið. Athugið að aðeins er tekið við reiðufé. Vonandi sjáumst við sem flest.

Umf. Samhygð og Nefndin



## Áveitan í Flóahreppi

Útgefendur: Ungmennafélögin Baldur, Samhygð og Vaka.

Ábyrgðarmenn:

Baldur Gauti Tryggvason  
ballroq@hotmail.com

Stefán Geirsson  
stegeir@hotmail.com

Fanney Ólafsdóttir  
fanneyo@emax.is

## Frá sveitarstjóra

### 10. bekkur í Flóaskóla

Sveitarstjórn hefur samþykkt að 10. bekkjar nemendum úr Flóahreppi verði kennt í Flóaskóla frá og með hausti 2011. Samningi sem gerður var við Árborg vorið 2007 um kennslu unglunga úr Flóahreppi hefur verið sagt upp. Samkvæmt þeim samningi var greitt mánaðargjald fyrir hvern nemenda sem svarar meðalrekstrarkostnaði á nemanda á ári í Vallaskóla. Haustið 2011 munu því nánast allir grunnskólanemendur Flóahrepps stunda nám við Flóaskóla.

### Framkvæmdir við Flóaskóla

Framkvæmdum við Flóaskóla er að mestu lokið og ný viðbygging verður tekin í notkun til kennslu á áætluðum tíma. Það hefur nánast verið með ólíkindum að fylgjast með og taka þátt í þessari uppbyggingu en frá því að fyrsta skóflustunga var tekin, 12. ágúst 2009 hafa nánast allir verkþættir gengið upp. Það er verktakafyrirtækið Smíðandi sem hefur að mestu leyti annast framkvæmdir, bæði við 1. og 2. áfanga verksins. Fyrirtækið Fosgraf annaðist alla raflagnavinnu. Samskipti við fyrirtækin hafa verið með miklum ágætum og framkvæmdin öll gengið eins og í sögu. Þau verk sem ekki féllu undir samningi við Smíðanda hafa verið unnin af heimamönnum, s.s jarðvinna, handriðasmíð og uppsetning innréttinga ásamt breytingum á gamla skóla. Ekki má gleyma frábæru sjálfboda starfi íbúa við þrif og annan lokafrágang eina kvöldstund til að gera það mögulegt að taka skólann í notkun.

Enn er raki í steypu og því verður beðið með varanleg gólfefni þar til plöturnar eru örugglega þurrar. Einnig verða tafir á utanhússklæðningu vegna seinkunar á flutningi efnis erlendis frá. Stefnt er að því að opna húsið fyrir gesti og gangandi við vígslu þess og verður sá viðburður auglýstur þegar nær dregur.

Það er óhætt að óska íbúum, starfsfólki skóla og framkvæmdaaðilum til hamingju með þessa stækkun Flóaskóla sem væntanlega á eftir að efla enn frekar gott skólustarf.

## **Tölvur fyrir sveitarstjórnarmenn**

Samþykkt hefur verið að kaupa fimm fartölvur fyrir sveitarstjórnarmenn. Kostnaður vegna þessa er áætlaður tæplega 700.000 kr. Allri útprentun gagna vegna funda verður hætt þegar tölvurnar verða teknar í notkun en um töluvert magn af pappír er að ræða fyrir hvern fund sveitarstjórnar.

## **Athugasemdir frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu**

Sveitarstjórn barst erindi frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu í júlí þar sem óskað var upplýsinga um verklag Flóahrepps við útboð viðbyggingar Flóaskóla en ráðuneytinu hafði borist bréf frá Samtökum iðnaðarins þar sem gerðar voru athugasemdir við verklagsmál. Sveitarstjórn sendi ráðuneytinu svör við fyrirspurninni þar sem fram kom að ákveðið hefði verið að auglýsa í fjölmiðlum og óska eftir verðhugmyndum frá áhugasömum aðilum til að kalla eftir hugmyndum verktaka um hvernig best væri að standa að viðbyggingu Flóaskóla á sem hagstæðastan máta. Gerður var samningur um framkvæmdir við þá verktaka sem áttu hagkvæmstu verðhugmyndirnar.

Samkvæmt nýlega samþykktum innkaupareglum er einmitt gert ráð fyrir því að leitað sé verðhugmynda þegar talið er líklegt að hagkvæmari verð fáiast við útvegum vöru, veitta þjónustu eða verkframkvæmdir.

Á það var einnig bent að sveitarfélagið hefur náð mjög góðum árangri við að halda kostnaði í skefjum vegna framkvæmdanna og það er markmið sem sveitarstjórn horfir til við rekstur sveitarfélagsins. Lauslegir útreikningar sýna að heildarkostnaður pr/m<sup>2</sup> viðbyggingar er um 180.000 kr. að meðtaldri allri jarðvegsvinnu, hönnunarvinnu, verkfræðingajónustu og vinnu vegna breytinga á gamla skóla.

## **Umgengni á fyrrum gámasvæði við Heiðargerði**

Borið hefur á því að heimilissorp sé skilið eftir í Heiðargerði þó svo að gámar hafi verið fjarlægðir. Að öllum líkindum er um að ræða ferðamenn sem ekki vita að gámar hafa nú verið fluttir í Hrísmýri við Selfoss og skilja sorpið eftir þar sem gámarnir voru staðsettir. Það er bæði hvítleitt og sóðalegt að skilja þannig við sorpið og óskað hefur verið eftir því við Íslenska Gámafélagið sem annast sorphirðu í Flóahreppi, að setja upp leiðbeiningarskilti í Heiðargerði um nýja staðsetningu gámasvæðis.

## Fréttir frá Krakkaborg

Kæru sveitungar

Skólaárið 2010 – 2011 hófst í ágætisveðri þann 10. ágúst hér í Krakkaborg. Það voru sælleg og glaðbeitt börn sem mættu í leikskólann eftir sumarfrí. Ljóst er að börnin höfðu stækkað þó nokkuð í sumarfríinu sér í lagi þau börn sem byrjuðu eftir fríið á Tígradeild.

Aðlögun nýrra barna er fastur liður í skólastarfi ágústmánaðar og alltaf jafnánægjulegt þegar ný börn hefja skólagöngu sína. Lítil börn þurfa ákveðinn aðlögunartíma til að kynna nýjum aðstæðum, kennurum og börnum. Engin ein regla er til yfir hversu langan tíma aðlögunin tekur heldur er það fyrst og fremst mat foreldra og kennara sem ráða ferðinni útfrá þörfum hvers barns fyrir sig. Í ágústmánuði bættust tvö börn í okkar góða nemendahóp en þau heita Freyr Sturluson Schacht og Gunnar Mar Gautason. Ég vil, fyrirhönd starfsfólks leikskólans, nota tækifærið og bjóða þau og fjölskyldur þeirra hjartanlega velkominn í leikskólann. Í ágústmánuði hóf Mareike Schacht störf hér hjá okkur í Krakkaborg. Við erum sérlega ánægðar með þennan góða liðsauka og bjóðum hana hjartanlega velkomna í okkar góða starfsmannahóp.

Ýmislegt hefur verið brallað hér í leikskólanum í ágústmánuði. Þann 10. ágúst fengum við skemmtilegan gest í heimsókn. Ragnar í Brandshúsum kom með nokkrar dúfur sem hann sýndi krökkunum. Dúfunum var síðan sleppt og fylgdust börnin með því þegar þær flugu heim til sín í Brandshús. Við þökkum Ragnari kærlega fyrir þessa góðu heimsókn og það var virkilega gaman að fylgjast með og skoða fallegu dúfurnar hans.

Miðvikudaginn 18. ágúst fóru vaskir krakkar af Tígradeild sem og eldri nemendur Strumpadeildar í berjaferð í Lyngholt. Ferðin tókst í alla staði mjög vel, veðrið var hið ágætasta og nóg af berjum til að tína. Sum berjanna fóru í pokana þeirra en flest rötuðu beina leið í munninn. Það voru því kátir og berja-bláir krakkar sem skiluðu sér aftur í leikskólann, hæstánægð með afrakstur dagsins.

Þegar nýtt skólaár heilsar er gott að láta hugann reika og meta hvernig til hefur tekist í leikskólanum. Skólaárið 2009 – 2010 gekk glimrandi vel og ljóst er að baki slíkri velgengni er samspil margra samverkandi þátta. Ahugi, metnaður og samheldni eru m.a. hugtök sem upp koma í huga mér þegar ég lýt yfir farinn veg. Það er því með hlýjum hug sem ég þakka starfsfólki Krakkaborgar fyrir framúrskarandi vinnu við að gera góðan skóla enn betri. Sem og foreldrum Krakkaborgarbarna fyrir góð og traust samskipti á liðnu skólaári. Foreldrafélagi Krakkaborgar sem og Foreldraráði vil ég einnig þakka fyrir óeigingjarnt starf í þágu leikskólans.

Með bestu kveðju,

Karen Viðarsdóttir  
Leikskólastjóri Krakkaborgar  
Sími 482-3085 og 698-6148

## *Frá Flóaskóla*

Flóaskóli var settur fimmtudaginn 26. ágúst sl. Okkur tókst að halda áætlun og flytja inn í nýbyggingu skólans fyrir skólasetningu en mikið var um að vera í skólanum síðustu dagana. Sjálfboðaliðar úr röðum foreldra og íbúa sveitarfélagsins lögðu sitt af mörkum og hjálpuðu okkur eina kvöldstund við þrif og flutning húsgagna. Við færum þessu duglega fólki kærar þakkir fyrir hjálpina. Það er mjög gaman að vera í skólanum þessa daga eins og endranær en nemendur og kennarar eru himinlifandi með aðstöðuna í nýbyggingunni.

79 nemendur eru skráðir í skólann haust og 25 manns eru í starfsmannaþópnum, þar af nokkrir stundakennarar og nokkrir í hlutastarfi. Sigurjón Ingi Gíslason er nýr skólaliði en hann hóf störf 30. ágúst.

Á döfinni er skólakynning fyrir foreldra um miðjan september, heimsókn 1. bekkinga til vina sinna í Krakaborg og svo þreyta nemendur í 4. og 7. bekk samræmd próf síðari hluta septembermánaðar. Nemendur í 9. bekk munu fara til vikudvalar í skólabúðir að Laugum í Sælingsdal í byrjun október og er gaman að geta sent þau í svo skemmtilegt verkefni sem er einmitt mikilvægur hluti af náminu.

Fljótlega eftir skólakynningu í haust munu stjórn Foreldrafélagsins og nýtt skólaráð taka til starfa. Skólastjóri mun fljótlega boða til fyrstu funda skólaársins.

Ólöf skólahjúkrunarfræðingur verður með fasta viðveru í skólanum 1. miðvikudag hvers mánaðar og geta foreldrar haft samband við hana í gegnum netfangið [olofu@hsu.is](mailto:olofu@hsu.is) eða með því að skilja eftir skilaboð á skrifstofu Flóaskóla. Fyrsta heimsókn Ólafar þetta skólaárið er miðvikudaginn 1. september.

Íbúar Flóahrepps eru hvattir til að hafa samband við okkur ef þeir hafa áhuga á að skoða skólann eða heimsækja okkur og sjá hvernig starfið í skólanum fer fram. Okkur finnst gaman að taka á móti gestum og leggjum áherslu á að Flóaskóli er skólinn okkar allra ☺

Ég hlakka til að eiga samstarf við ykkur öll í vetur,

Kristín Sigurðardóttir skólastjóri.

[kristin@floahreppur.is](mailto:kristin@floahreppur.is), gsm 663-5720.

# Kvennasport

Í vetur mun áfram verða kvennasport í Þjórsárveri á mánudögum og miðvikudögum kl. 20:00-21:00. Tímarnir eru fyrir konur, 18 ára og eldri. Markmiðið er að þjálfunin sé fjölbreytt og aðlöguð að hverri og einni þannig að allar hafi möguleika á að fá það sem þeim hentar best. Fín mæting var í tímana síðastliðinn vetur og skemmtileg stemmning myndaðist innan hópsins.

Í vetur mun ég setja tímana þannig upp að á mánudögum verður áhersla á styrktaræfingar og liðleika og á miðvikudögum verður meira púl og brennsla þ.e. þol og úthaldsæfingar. Einnig verður boðið upp á líkamsmælingar fyrir þær sem vilja fylgjast með árangri sínum.

Greitt er í lok hvers mánaðar fyrir þá tíma sem sóttir voru þann mánuðinn.

Fyrsti tíminn verður **mánudaginn 6. september**. Ekki er þörf á að skrá sig sérstaklega í tímana fyrirfram.



Endilega hafið samband ef frekari upplýsinga er óskað.  
Með von um að sjá sem flestar konur í vetur ☺

Hulda Kristjánsdóttir  
Íþróttafraeðingur  
hulda@floahreppur.is  
gsm: 866-3245

## Frá UMF Baldri

Fótbolta og íþróttæfingarnar í Einbúa héldu sínu striki núna á ágúst. Endaði sumarið síðan með Flóamóti nú um síðustu helgi. Þar stóðu Baldurs krakkarnir sig vel og lentu í 2 sæti með 52 stig þrátt fyrir að aðeins 4 hafi mætt til keppni.

Nú fer hauststarf félagsins að hefjast og verður að sjálfsögðu mikið um að vera í allt haust og lagt fram á vetur. Ungmennafélögin 3 ætla að bjóða upp á sameiginlegar íþróttæfingar í Þingborg fyrir eldri krakkanna líkt og var síðastliðinn vetur. Þá verður líka boðið upp á æfingar fyrir krakka í 1 – 4 bekk í samstarfi við Flóaskóla. Þessar æfingar eru vel auglýstar hér í blaðinu.

Þá kom nú síðsumars sú hugmynd að bjóða upp á æfingar á alvöru frjálsíþróttavelli. Stjórnir ungmennafélaganna hafa ákveðið að prófa að skella inn einni æfingu í viku á nýja frjálsíþróttavellinum á Selfossi en hann kemst í gagnið nú í haust. Þetta verður kynnt betur á næstunni.

## Frá Kvenfélagi Gaulverjabæjarhrepps

Þriðjudagskvöldið **7. september** n.k. ætlum við að hittast á loftinu í Félagslundu. Hvort við köllum það þrjónakvöld eða eitthvað annað skiptir ekki máli, við ætlum bara að hittast og eiga saman góða stund, en upplagt að hafa þrjónana með eða hvað sem þið eruð að gera. Eflaust verður sagt frá nýafstaðinni, stórskemmtilegri berjaferð norður á Strandir og boðið upp á eitthvað með berjaívafi. Fjölmennið. Stjórnin.

## Saga HSK í 100 ár

-síðustu forvöð að kaupa bókina í heiðursáskrift

Nú fer hver að verða síðastur að kaupa bókina um 100 ára sögu HSK sem kemur út í október. Frestur til að kaupa bókina hefur verið fram-  
lengdur til 10. september.

Bókin kostar 8.500 kr í þessari sérstöku forsölu.

Tilvalin jólagjöf!

Hafið samband við sölufulltrúa í Flóahreppi en þeir eru:

Fanney Ólafsdóttir, Hurðarbaki

Sigríður Guðjónsdóttir, Þingborg 8

Jón M. Ívarsson, Reykjavík

## Lambaskoðun

Mánudaginn 27. september verður haldin lamba og hrútaskoðun hjá Sauðfjárræktarfélagi Villingaholtshrepps. Hún verður með sama sniði og undanfarin ár, við hvetjum alla til að taka þátt. Þeir sem hafa áhuga á að taka þátt eru beðnir að hafa samband við Þorstein Loga í síma 8674104. Að lokinni sýningu verður hittst í fjárhúsinu í Egilsstaðakoti þar sem boðið verður upp á kaffi og veitt verðlaun fyrir bestu hrútana og lömbin.

Stjórn

## Samhygðar og Vökumót

Samhygðar og Vökumótið var haldið laugardaginn 21. ágúst síðastliðinn á íþróttavellinum við Þjórsárver.

Úrslit mótsins

### Karlar

#### 100m hlaup

1.	Haraldur Einarsson	´87	Vaka	11,6sek
2.	Bjarni Már Ólafsson	´91	Vaka	12,2sek
3.	Rúnar Hjálmarsson	´87	Vaka	12,6sek
4.	Tómas Karl Guðsteinsson	´90	Vaka	12,7sek
5.	Matthías Pálmason	´93	Samhygð	15,1sek
6.	Markús Ívarsson	´47	Samhygð	16,3sek

#### Langstökk

1.	Haraldur Einarsson	´87	Vaka	6,31m
2.	Bjarni Már Ólafsson	´91	Vaka	5,96m
3.	Rúnar Hjálmarsson	´87	Vaka	5,58m
4.	Tómas Karl Guðsteinsson	´90	Vaka	4,84m
5.	Stefán Geirsson	´81	Samhygð	4,43m
6.	Matthías Pálmason	´93	Samhygð	3,60m

#### Kúluvarp

1.	Stefán Geirsson	´81	Samhygð	11,33m
2.	Rúnar Hjálmarsson	´87	Vaka	10,31m
3.	Bjarni Már Ólafsson	´91	Vaka	10,22m
4.	Einar H. Haraldsson	´62	Vaka	10,00m
5.	Haraldur Einarsson	´87	Vaka	9,98m
6.	Tómas Karl Guðsteinsson	´90	Vaka	7,57m
7.	Kristján Gestsson	´49	Vaka	7,48m
8.	Jón M. Ívarsson	´48	Samhygð	6,87m
9.	Matthías Pálmason	´93	Samhygð	5,05m

#### Hástökk

1.	Bjarni Már Ólafsson	´91	Vaka	1,65m
2.	Rúnar Hjálmarsson	´87	Vaka	1,60m
3.	Haraldur Einarsson	´87	Vaka	1,55m
4.	Tómas Karl Guðsteinsson	´90	Vaka	1,40m
5.	Stefán Geirsson	´81	Samhygð	1,30m
6.	Matthías Pálmason	´93	Samhygð	1,20m

#### Þristökk

1.	Haraldur Einarsson	´87	Vaka	13,18m
2.	Bjarni Már Ólafsson	´91	Vaka	13,11m
3.	Rúnar Hjálmarsson	´87	Vaka	11,43m
4.	Tómas Karl Guðsteinsson	´90	Vaka	10,30m
5.	Stefán Geirsson	´81	Samhygð	9,71m
6.	Sigmar Örn Aðalsteinsson	´83	Vaka	8,47m



7.	Matthías Pálmason	´93	Samhygð	7.12m
8.	Jón M. Ívarsson	´48	Samhygð	5,63m

### Spjótkast

1.	Bjarni Már Ólafsson	´91	Vaka	42,90m
2.	Haraldur Einarsson	´87	Vaka	41,26m
3.	Stefán Geirsson	´81	Samhygð	32,15m
4.	Rúnar Hjálmarsson	´87	Vaka	31,72m
5.	Tómas Karl Guðsteinsson	´90	Vaka	27,26m
6.	Matthías Pálmason	´93	Samhygð	14,61m
7.	Sigmar Örn Aðalsteinsson	´83	Vaka	13,92m

### 1500m hlaup

1.	Haraldur Einarsson	´87	Vaka	6:07,5mín
2.	Bjarni Már Ólafsson	´91	Vaka	6:36,9mín
3.	Matthías Pálmason	´93	Samhygð	6:39,3mín
4.	Markús Ívarsson	´47	Samhygð	8:32,8mín
5.	Jón M. Ívarsson	´48	Samhygð	11:10,9mín

### Konur

#### 100m hlaup

1.	Ingunn Harpa Bjarkadóttir	´91	Vaka	14,5sek
2.	Haldóra Markúsardóttir	´87	Samhygð	14,8sek
3.	Guðmunda Ólafsdóttir	´89	Vaka	15,6sek
4.	Guðrún Inga Helgadóttir	´97	Vaka	16,5sek
5.	Ingibjörg Markúsardóttir	´85	Samhygð	17,4sek

### Langstökk

1.	Fanney Ólafsdóttir	´80	Vaka	4,61m
2.	Ingunn Harpa Bjarkadóttir	´91	Vaka	4,33m
3.	Haldóra Markúsardóttir	´87	Samhygð	4,24m
4.	Guðmunda Ólafsdóttir	´89	Vaka	3,85m
5.	Helga Björg Helgadóttir	´87	Vaka	3,83m
6.	Guðrún Inga Helgadóttir	´97	Vaka	3,81m
7.	Ingibjörg Markúsardóttir	´85	Samhygð	3,70m

### Kúluvarp

1.	Ingibjörg Markúsardóttir	´85	Samhygð	8,77m
2.	Anný Ingimarsdóttir	´68	Samhygð	8,49m
3.	Ingunn Harpa Bjarkadóttir	´91	Vaka	7,89m
4.	Hallfríður Ósk Aðalsteinsd.	´80	Vaka	7,65m
5.	Helga Björg Helgadóttir	´87	Vaka	7,56m
6.	Guðmunda Ólafsdóttir	´89	Vaka	7,49m
7.	Haldóra Markúsardóttir	´87	Samhygð	7,42m
8.	Fanney Ólafsdóttir	´80	Vaka	7,23m
9.	Hulda Kristjánsdóttir	´84	Vaka	6,97m

10. 10. Guðrún Inga Helgadóttir '97 Vaka 3,81m

### Hástökk

1. Ingunn Harpa Bjarkadóttir '91 Vaka 1,35m  
2. Halldóra Markúsdóttir '87 Samhygð 1,25m  
3. Ingibjörg Markúsdóttir '85 Samhygð 1,20m  
4-5. Guðmunda Ólafsdóttir '89 Vaka 1,15m  
4-5. Helga B. Helgadóttir ' 87 Vaka 1,15m  
6. Guðrún Inga Helgadóttir '97 Vaka 1,15m

### Þrístökk

1. Fanney Ólafsdóttir '80 Vaka 9,33m  
2. Halldóra Markúsdóttir '87 Samhygð 8,98m  
3. Ingunn Harpa Bjarkadóttir '91 Vaka 8,55m  
4. Helga Björg Helgadóttir '87 Vaka 8,37m  
5. Guðrún Inga Helgadóttir '97 Vaka 7,96m  
6. Ingibjörg Markúsdóttir '85 Samhygð 7,95m  
7. Guðmunda Ólafsdóttir '89 Vaka 7,76m

### Kringlukast

1. Fanney Ólafsdóttir '80 Vaka 26,04m  
2. Guðmunda Ólafsdóttir '89 Vaka 23,11m  
3. Ingibjörg Markúsdóttir '85 Samhygð 21,64m  
4. Hallfríður Ósk Aðalsteinsd. '80 Vaka 20,45m  
5. Ingunn Harpa Bjarkadóttir '91 Vaka 17,50m  
6. Guðrún Inga Helgadóttir '97 Vaka 17,00m  
7. Anný Ingimarsdóttir '68 Samhygð 16,34m  
8. Halldóra Markúsdóttir '87 Samhygð 16,12m  
9. Helga Björg Helgadóttir '87 Vaka 14,79m

### 800m hlaup

1. Ingunn Harpa Bjarkadóttir '91 Vaka 3:21,4mín  
2. Halldóra Markúsdóttir '87 Samhygð 3:23,3mín  
3. Guðmunda Ólafsdóttir '89 Vaka 3:29,2mín  
4. Helga Björg Helgadóttir '87 Vaka 3:46,6mín  
5. Fanney Ólafsdóttir '80 Vaka 4:07,0mín

### Bestu afrek mótsins

#### Karlar

1. Haraldur Einarsson Vaka Langstökk 6,31m 774 stig  
2. Haraldur Einarsson Vaka Þrístökk 13,18m 747 stig  
3. Bjarni Már Ólafsson Vaka Þrístökk 13,11m 740 stig

#### Konur

1. Ingunn Harpa Bjarkad. Vaka 100m hlaup 14,5sek 657 stig  
2. Fanney Ólafsdóttir Vaka Langstökk 4,61m 647 stig  
3. Halldóra Markúsdóttir Samh. 100m hlaup 14,8 sek 618 stig

## Stigahæstu keppendur Karlar

- |    |                     |      |         |
|----|---------------------|------|---------|
| 1. | Bjarni Már Ólafsson | Vaka | 36 stig |
| 2. | Haraldur Einarsson  | Vaka | 35 stig |
| 3. | Rúnar Hjálmarsson   | Vaka | 25 stig |

## Konur

- |    |                           |         |         |
|----|---------------------------|---------|---------|
| 1. | Ingunn Harpa Bjarkadóttir | Vaka    | 33 stig |
| 2. | Halldóra Markúsardóttir   | Samhygð | 24 stig |
| 3. | Fanney Ólafsdóttir        | Vaka    | 20 stig |
| 4. |                           |         |         |

## Fjöldi keppenda til stiga

Vaka 12 keppendur  
Samhygð 7 keppendur

## Heildarstig

<b>Vaka</b>	<b>Samhygð</b>
Konur 99	Konur 46
<u>Karlar 115</u>	<u>Karlar 31</u>
<b>Alls 214 stig</b>	<b>Alls 77 stig</b>

Skjaldarhafi Bjarni Már Ólafsson Vöku

## Frá Félagsheimilum Flóahrepps

Ákveðið hefur verið að halda tónleikaveislu í október í Félagsheimilunum þremur.

### Þingborg

Við byrjum í Þingborg **2. október** en þar mæta *Ómar Ragnarsson, Raggi Bjarna og félagar* með söng og grín. Skemmtunin byrjar kl. 21, aðgangseyrir 2000 kr. Þeir sem vilja tryggja sér miða í tíma, hafið samband við Ingibjörgu í síma 691-7082. Ómar og Raggi árita geisladiska á staðnum.

### Þjórsárver

Því næst er það Þjórsárver **15. október**. *Ingibjörg Aldís sópran og Stefán Helgi tenór eða Hjaltsted/Íslandi* dúettinn flytur vandaða söngskrá, bæði erlend og innlend sönglög ásamt dúettum við undirleik *Ólafs B. Ólafssonar* á pianó og nikkú. Verð fyrir ofangreint kr. 2000 kr. Inni í því er einnig söngstund eftir tónleikana þar sem Ólafur leikur undir söng á harmónikkuna. Mætum vel á góða tónleika. Þeir sem vilja tryggja sér miða í tíma, hafið samband við Erling í síma 898-8779.

### Félagslundur

Tónleikar fyrirhugaðir **29. eða 30. október**. Nánar auglýst síðar ☺

## Pistillinn

Þegar Hrafnhildur tjáði mér að hún væri búin að skora á mig til að skrifa næsta pistil í Áveituna spurði ég hana strax hvort að það væri nokkuð „löglegt“ þar sem ég væri nú ekki löglegur sveitungi lengur en hún sagði strax að ég hefði góð tengsl í sveitina og það hlyti að vera í lagi. Ég ætla því að taka áskorun hennar og þakka henni fyrir hlýjar kveðjur og góðan vinskapi í gegnum árin.

Það er ekki ósjaldan sem við Hrafnhildur höfum rifjað upp fyrstu kynni okkar og hlegið mikið af barnaskapnum í okkur. Við kynntumst þegar ég flutti að Brúnastöðum og hóf skólagöngu í Þingborg í 2. bekk en þá vorum við Hrafnhildur nefnilega alls ekki góðar vinkonur fyrstu dagana. Henni leist sen-nilega ekki á samkeppnina við þessa nýju stelpu sem kom í bekkinn og fór strax að leika við vinkonu hennar. Þá hafði ég nefnilega kynnst Elínu í Oddgeirshólum á íþróttæfingum í Einbúa þá um sumarið og leitaði því að sjálfsgöðu í hennar félagsskap þegar í skólann kom. Fljótlega um haustið var haldið í fjöruferð og var þá Hrafnhildur með bláan opal þakka með sér (sem hætt er að framleiða núna). Ég og Elín sátum saman í skólabílnum til að byrja með en Elín færði sig til eftir að Hrafnhildur hafði boðið henni að fá ópal með sér ef hún settist hjá sér. Ég man að ég var ógurlega ein í þessari fjöruferð, hafði ekki betur í vinasam-keppninni að þessu sinni. Ég steig líka fljótlega ofan í djúpan poll, upp fyrir stígvélið og varð vot í annan fótinn. Sennilega var ég eitthvað lítil í mér þarna því Þórarinn heitinn Pálsson skólabílstjóri sá aumur á mér og leyfði mér að sitja inni í skólabíl hjá honum í hitanum og laumaði af og til að mér súkkulaði. Það þótti mér mjög vænt um. Það var þó fljótlega eftir þessa ferð sem sterkur vinskapur tókst með okkur Hrafnhildi sem hefur haldist óslitinn síðan og frábært að eiga svona góða æskuvinkonu eins og hana.

Þegar ég flyt síðan á Selfoss á nýjan leik sumarið eftir 5. bekk fékk ég að halda áfram í Þingborgarskóla fram að gaggó. Mér líkaði vel í Þingborg og var ekki tilbúin að yfirgefa vini og fara í margmennið á Selfossi og var því mjög þakklát fyrir að fá að halda áfram í Þingborgarskóla. Mér þykja það forréttindi að hafa verið í fámennum skóla þar sem hver og einn einstaklingur skiptir máli og öll samskipti eru á persónulegum nótum. Nú er ég sjálf komin í kennarabransann og strax eftir útskrift árið 2007 ákvað ég, ásamt unnusta mínum, að halda í smá ævintýri og flytja austur á land. Við réðum okkur í kennslustörf við Brúarásskóla í Jökulsárhlið (tilheyrir Fljótsdalshéraði) og bjuggum þar í eitt ár. Nemendur voru innan við 40 frá 1.-10. bekk og þar var ég fljót að sjá kosti þess að vera í litlum sveitaskóla. Nokkuð er um það að einstaklingar úr grunnskóla Egilsstaða

eða Fellabæjar, sem mega sín lítils, eru jafnvel lögð í einelti eða með hegðunarvandamál, komi í Brúarásskóla þar sem þau eru ljúf sem lömb og finna sig vel. Lífið var ljúft í sveitinni en ég var ekki strax tilbúin að gefa frjálsíþróttuferilinn á bátinn, það getur verið erfitt til lengdar að æfa ein og þjálf mig sjálf. Því fluttumst við suður á nýjan leik en mikið oft hugsum við til baka og það voru margir traustir og góðir vinir sem við eignuðumst þar.

Þar sem ég var byrjuð að minnast á íþróttuferilinn hef ég oft hugsað til þess hvort að ég hefði nokkurn tímann farið að æfa frjálsar ef að ég hefði ekki flutt á Brúnastaði. Ég hóf minn frjálsíþróttuferil á íþróttæfingum í Einbúa á sumrin og í Þingborg á veturna. Ég hafði svo gaman að þessu að ég man eftir mörgum æfingum og keppnum af Flóamótum, Þingborgarmótum og Skeiðamótum. Áhuginn var svo mikill að ég mátti vart missa úr æfingum þrátt fyrir að geta ekki stigið í annan fótinn. Það var í einum leikfimitíma í Þingborg, sem Haraldur í Laugadælum stjórnaði. Ég, alveg fárveik, klæddi mig í leikfimiföt, neitaði að fara heim því ég ætlaði svo sannarlega að vera með í tímanum þar sem við áttum að fá að prófa nýju hástökkdýnurnar. Þeim höfðum við safnað fyrir með áheitum þar sem hlaupið var í gegnum Hraungerðishrepp. Ég gat svo auðvitað ekkert gert í tímanum enda kom það síðar um daginn í ljós að ég var með botnlangakast og var lögð inn á sjúkrahús.

Þó að ég hafi flutt úr Hraungerðishreppnum fyrir talsvert mörgum árum fylgist ég ennþá með hvað er að gerast í Flóanum og er ánægð með hvað starfið er öflugt. Það var til dæmis virkilega gaman að sjá fjölmennt lið Þjótanda á Aldursflokkamóti HSK í frjálsum síðasta vetur. Sveitirnar eru að vinna mikið saman og það tel ég góða þróun, auk þess sem þær reyna líka að halda í sínar hefðir. Eftir flutninga tók ég þátt í störfum Ungmennafélagsins til að byrja með, var í nefndum, lék í Þorablótsannálum og framvegis en svo minnkaði það smám saman. Enda breytist sumt með árunum, ég ætlaði mér til dæmis aldrei að drekka fernumjólk aftur, þegar ég flutti á Selfoss á nýjan leik. En það var ekki auðvelt hlutverk fyrir mömmu að redda manni því til lengri tíma og fljótlega sættist ég á að drekka bláu mjólkina, er meiri að segja komin í gulu mjólkina núna. Ég ætlaði heldur aldrei að skipta um íþróttafélag og keppti áfram undir merkjum UMF. Baldurs þar til að ég var farin að æfa það oft á Selfossi og fannst orðið miður að þurfa alltaf að keppa sem gestur á hinum og þessum mótum.

Þrátt fyrir það slær ennþá í mér Flóahjarta og skora ég nú á æfingafélaga minn í vetur, Guðmundu Ólafsdóttur, Hurðarbaki til að skrifa pistil í næstu Áveitu.

Ágústa Tryggvadóttir

## Fréttir frá Umf. Vöku:

### Árgjald Umf. Vöku

Nú er komið að því að innheimta árgjöld Umf. Vöku fyrir árið 2010. Allir félagsmenn 12 ára og eldri greiða árgjald og er það 700 kr á ári. Félagar geta annaðhvort greitt í gegnum heimabanka eða haft samband við bankann sinn og beðið gjaldkera um að millifæra. Gott væri að setja nafn og kennitölu viðkomandi félagsmanna sem skýringu.

Ég minni á að nauðsynlegt er að hafa greitt árgjald ætli viðkomandi að óska eftir styrk frá félaginu vegna íþróttaiðkunar. Vakni einhverjar spurningar, endilega hafið samband í síma 845-9719 eða í tölvupósti [lyngh@emax.is](mailto:lyngh@emax.is)

Kennitala Umf. Vöku 471077-0389

Reikningur 0152-26-2216

Með kveðju, Hallfríður Ó. Aðalsteinsdóttir

### Bikarkeppni FRÍ

Haraldur Einarsson keppti undir merkjum HSK á Bikarkeppni FRÍ á Sauðárkróki 13.-14. ágúst og stóð sig einstaklega vel:

100 m hlaup	4. sæti	11,34 sek.
400 m hlaup	1. sæti	50,43 sek. (Bikarmeistari)
200 m hlaup	4. sæti	23,23 sek
Þrístökk	4. sæti	13,43 m

### Frjálsíþróttæfinum við Þjórsárver líkur

Æfingum við Þjórsárver er formlega lokið þetta sumarið og vill þjálfari hrósa sérstaklega þeim Unnsteini Reynissyni og Kolbrúnu Kötlu Jónsdóttur fyrir afburða góða mætingu, takk fyrir sumarið krakkar.

Tómas Karl Guðsteinsson

### Unglingalandsmót á Selfossi 2012

Stjórn UMFÍ hefur tilkynnt að Unglingalandsmótið árið 2012 verði haldið á Selfossi. Áður hefur verið ákveðið að "stóra" Landsmót UMFÍ verði haldið á Selfossi árið 2013. Er mikil ánægja meðal heimamanna með þetta enda íþróttaaðstaða á Selfossi að taka miklum stakkaskiptum um þessar mundir.

Vökumaðurinn Þórir Haraldsson hefur verið skipaður formaður Landsmótsnefnda þessara beggja móta. Stjórn Vöku óskar Þóri til hamingju og bendir á að sé tekið tillit til hæðar Þóris er líklegt að hann muni hafa góða yfirsýn yfir þessi viðamiklu verkefni sem framundan eru.

## Gjafir til Félagsheimilisins Þjósárvers

Í tilefni af 50 ára afmæli Þjósárvers var félagsheimilinu fært málverk af Urriðafossi, málað af Sigurbjörgu Guðmundsdóttur frá Hurðarbaki. Gáfu börn hennar málverkið til minningar um móður sína og færum við þeim bestu þakkir fyrir þetta fallega verk.

Sunnudaginn 22. ágúst var Þjósárveri fært málverk að gjöf til minningar um Eirík á Gafli. Málverkið er málað á lambshúð og ber nafnið, *Þú komst í hlaðið á hvítum hesti, þú komst með vor í augum þér.* Verkið er málað af listakonunni Áshildi Öfjörð Magnúsdóttur frá Skógsnesi sem gaf málverkið. Sendum við henni bestu þakkir fyrir stórkostlega gjöf. Með verkinu fylgdi þetta ljóð:

### Eiríkur!

Þú hvarfst á brott.  
Þú hefur sjálfsagt  
stefnt í átt til "Bláfjallageims"  
með "Heiðjöklakring",  
þar hafa beðið vinir í varpa  
þar sem von var á góðum gesti  
-og fagnað þér vel.

Hér horfðu vinir þínir  
langt á eftir þér,  
með spurn í huga  
og söknuð í hjarta,  
og standa enn  
hver í sínum varpa og hlusta  
eftir fjarlægum söng  
og hófadyn.

Áshildur

Fyrir hönd Þjósárvers,  
Erling Sæmundsson

**Þarftu að fara mála húsið eða útihúsin?**

Endilega hafið samband

**Aðalsteinn Aðalsteinsson**

**Málrameistari**

Sími: 868 6576

Netfang: [allimal@simnet.is](mailto:allimal@simnet.is)

## Flóamót

Haldið á íþróttavellinum við Þjórsárver laugardaginn 28. ágúst 2010 í blíðskaparveðri. Keppendur hefðu að ósekju mátt vera fleiri en mótið lukkaðist í alla staði vel og að keppni lokinni voru grillaðar pylsur og svaladrykkir í boði og veitt verðlaun.

### Hnátur 10 ára og yngri

#### 60 m hlaup

1. Arndís María Ingólfssdóttir	'03	Baldur	12,7 sek
2. Kolbrún Katla Jónsdóttir	'01	Vaka	13,6 sek
3. Marta Brynjólfssdóttir	'03	Vaka	13,8 sek
Soffía Náttól Andradóttir	'06	Vaka	lauk ekki

#### Langstökk

1. Kolbrún Katla Jónsdóttir	'01	Vaka	2,43 m
2. Elizabeth Karen Bogans	'03	Vaka	1,93 m
3. Arndís María Ingólfssdóttir	'03	Baldur	1,82 m
Marta Brynjólfssdóttir	'03	Vaka	1,80 m
Soffía Náttól Andradóttir	'06	Vaka	1,25 m

#### 400 m hlaup

1. Elizabeth Karen Bogans	'03	Vaka	2:05,3 min
2. Marta Brynjólfssdóttir	'03	Vaka	2:12,8 min
3. Kolbrún Katla Jónsdóttir	'01	Vaka	2:13,8 min
Arndís María Ingólfssdóttir	'03	Baldur	2:19,3 min

### Hnokkar 10 ára og yngri

#### 60 m hlaup

1. Ýmir Atlason	'00	Vaka	10,4 sek
2. Dagur Fannar Einarsson	'02	Vaka	10,9 sek
3. Unnsteinn Reynisson	'03	Vaka	11,7 sek
Ármann Baldur Bragason	'02	Samhygð	12,2 sek
Sæþór Atlason	'04	Vaka	13,0 sek
Heinz Jóhann Brynjólfsson	'04	Vaka	15,2 sek
Sigurjón Reynisson	'05	Vaka	15,3 sek
Daði Kolviður Einarsson	'05	Vaka	15,5 sek
Einar Skeggjason	'04	Baldur	lauk ekki

#### Langstökk

1. Ýmir Atlason	'00	Vaka	3,54 m
2. Dagur Fannar Einarsson	'02	Vaka	2,85 m
3. Sigurður J. Bogans	'01	Vaka	2,69 m
Unnsteinn Reynisson	'03	Vaka	2,55 m
Ármann Baldur Bragason	'02	Samhygð	2,50 m
Sæþór Atlason	'04	Vaka	2,39 m
Sigurjón Reynisson	'05	Vaka	1,90 m
Daði Kolviður Einarsson	'05	Vaka	1,40 m



**400 m hlaup**

1. Ýmir Atlason	'00	Vaka	1,34,4 min
2. Dagur Fannar Einarsson	'02	Vaka	1:45,2 min
3. Sæþór Atlason	'04	Vaka	1:45,7 min
Unnsteinn Reynisson	'03	Vaka	1:47,8 min
Sigurður J. Bogans	'01	Vaka	1:52,7 min
Ármann Baldur Bragason	'02	Samhygð	1:55,6 min
Daði Kolviður Einarsson	'05	Vaka	2:25,5 min

**Stelpur 11-12 ára****60 m hlaup**

1. Eyrún Gautadóttir	'99	Baldur	10,4 sek
2. Sunna Skeggjadóttir	'99	Baldur	10,8 sek

**Langstökk**

1. Sunna Skeggjadóttir	'99	Baldur	3,43 m
2. Eyrún Gautadóttir	'99	Baldur	3,38 m

**Kúluvarp**

1. Sunna Skeggjadóttir	'99	Baldur	6,22 m
2. Eyrún Gautadóttir	'99	Baldur	5,05 m

**400 m hlaup**

1. Eyrún Gautadóttir	'99	Baldur	1:26,7 min
----------------------	-----	--------	------------

**Strákar 11-12 ára****60 m hlaup**

1. Ægir Atlason	'98	Vaka	9,8 sek
2. Þorgils Kári Sigurðsson	'98	Vaka	10,1 sek

**Langstökk**

1. Ægir Atlason	'98	Vaka	4,26 m
2. Þorgils Kári Sigurðsson	'98	Vaka	3,74 m

**Kúluvarp**

1. Ægir Atlason	'98	Vaka	8,20 m
2. Þorgils Kári Sigurðsson	'98	Vaka	7,68 m

**400 m hlaup**

1. Ægir Atlason	'98	Vaka	1:19,8 min
2. Þorgils Kári Sigurðsson	'98	Vaka	1:24,9 min

## **Piltar 13-14 ára**

### **100 m hlaup**

1. Arnar Einarsson	'96	Vaka	13,6 sek
2. Jón Þór Pálsson	'97	Vaka	16,2 sek
3. Jóann Smáráson	'97	Vaka	16,7 sek

### **Langstökk**

1. Arnar Einarsson	'96	Vaka	4,42 m
2. Jón Þór Pálsson	'97	Vaka	3,67 m
3. Jóann Smáráson	'97	Vaka	3,01 m

### **Kúluvarp**

1. Jón Þór Pálsson	'97	Vaka	8,26 m
2. Arnar Einarsson	'96	Vaka	8,16 m
3. Jóann Smáráson	'97	Vaka	5,62 m

### **800 m hlaup**

1. Arnar Einarsson	'96	Vaka	3:09,2 min
2. Jón Þór Pálsson	'97	Vaka	3:25,6 min

### **Stigakeppni**

1. Umf. Vaka	197 stig
2. Umf. Baldur	52 stig
3. Umf. Samhygð	6 stig

**Tökum að okkur allar gerðir mannvirkja.**

**Nýsmíði, viðhald, breytingar.**

**Erum með traktors- og beltagröfu.**

**Kríutangi ehf**

**Vorsabæ**

**Stefán Helgason Húsasmíðameistari**

**S:893-4933**

## Frá Kvenfélagi Hraungerðishrepps

### Fundarboð

Haustfundur Kvenfélags Hraungerðishrepps verður haldinn þriðjudagskvöldið 5. október kl 20:30 í Þingborg. Venjuleg fundarstörf.

Kaffikonur; Anna Margrét, Ásdís, Helga Baldurs, Magga Einars, Magga Kristins og Matthildur.

Stjórnin.

## Tamningar og þjálfun

Tek að mér hesta í tamningu og þjálfun, er staðsettur í Kolsholti 2. Er menntaður hestafræðingur og leiðbeinandi, diplóma í tamningu, þjálfari og reiðkennari frá Háskólanum á Hólum. Tek líka að mér járnningar. Allar nánari upplýsingar í síma 6977324 eða á grima87(at)hotmail.com

Helgi Þór Guðjónsson

## Kornskurður

Nú líður senn að kornslætti og eru kornbændur hvattir til að huga tímalega að slætti. Sumarið er búið að vera hagstætt til kornræktar og ættu akrar að vera snemma tilbúnir. Sömu sláttumenn verða sem áður hjá Flóakorni, þeir Sigmar Örn Aðalsteinsson sími 696 8653 og Jón Valgeir Geirsson sími 892 9719. Sleppum ekki frá okkur góðum dögum og pantið sláttinn tímalega, sólskinið og blíðan verður kannski ekki endalaust.



Stjórn Flóakorns

Ungmennafélögin leita eftir starfsmanni til að vera með með æfingar í Flóaskóla í vetur.

Æfingarnar eru fyrir 1.-4. bekk og eru á miðvikudögum kl 12.35 - 13.55.

Nánari upplýsingar hjá Haraldi í síma 699-8238 og á hallieinars@hotmail.com

### Dagskrá mánaðarins:

Kvinnasport byrjar	6. september
Fundur í Kvf. Gaulverja	7. september
Æfing yngri	8. september
Frestur til heiðursáskrifar rennur út	10 september
Reykjaréttir	11. september
Æfing eldri	14. september
Æfing yngri	15. september
Æfing eldri	21. september
Æfing yngri	22. september
Hautball í Félagslundu	25. september
Lambaskoðun	27. september
Æfing eldri	28. september
Æfing yngri	29. september
Tónleikar í Þingborg	2. október
Æfing eldri	5. október
Hautfundur Kvf. Hraungerðishr.	5. október
Æfing yngri	6. október



Eyravegi 32 · Sími 480 1160 · Neyðarnúmer 660 1160